

Tillaga  
Afgreiðsla

A 1924/UHN  
Norræna sjálfbærninefndin

## Nefndarálit um þingmannatillögu um norræna stefnuáætlun um Eystrasalt (A 1924/UHN)

Norræna sjálfbærninefndin leggur til að Norðurlandaráð beini þeim tilmælum til Norrænu ráðherranefndarinnar

að vinna áætlun, á grundvelli Baltic Sea Action Plan (BSAP), sem getur leitt til þess að markmið BSAP verði uppfyllt í auknum mæli í norrænu löndunum

### Bakgrunnur

Eystrasaltið hefur lengi verið mikilvægt svæði í norrænu samstarfi. Norrænar stofnanir hafa með virkum hætti stuðlað að auknu samstarfi á milli landanna en einnig við Eystrasaltsríkin og önnur ríki sem beint eða óbeint liggja að hafsvæðinu.

Í marga áratugi hefur verið unnið að áætlunum og stefnum til að bæta ástand Eystrasalts. Þar á meðal má sérstaklega nefna Eystrasaltsáætlun ESB, þar sem áhersla er lögð á að bjarga umhverfi hafsins, tengja saman landsvæði og auka velferð.

En þrátt fyrir þessa viðleitni telst Eystrasaltið enn sem eitt óhreinasta vatnasvæði heims.<sup>1</sup> Þær ógnir sem mestar eru um þessar mundir eru ofauðgun, efni, rusl og minnkandi fiskstofnar. Í kjölfar loftslagaváráttarinnar er búist við að vistfræðilegt ástand svæðisins muni versna umtalsvert.<sup>2</sup>

Setja þarf aukinn kraft í stefnumótunarstarfið til að hraða umbótastarfinu. Norðurlönd gegna nú sem áður mikilvægu hlutverki í þessu starfi. Þá er möguleiki fyrir Norðurlönd að efla innra sem ytra samstarf um Eystrasaltið í gegnum þá vettvanga þar sem hagsmuna Norðurlanda er gætt, s.s. hjá fjármálastofnunum, rannsóknarverkefnum, samstarfsvettvangi þjóðþinga, ESB og NATO.

Málefni norðurslóða hafa verið áberandi innan norræns samstarfs síðustu ár og leggjum við til að það sama verði upp á peningnum hvað varðar málefni Eystrasalts. Til að leggja grunn að slíkri vinnu leggjum við til að tekin verði upp stefnuáætlun um Eystrasaltið. Í slíkri áætlun yrði lagt útfrá hinni hefðbundnu samstarfsáætlun um umhverfis- og loftslagsmál.

<sup>1</sup> <https://helcom.fi/baltic-sea-trends/holistic-assessments/state-of-the-baltic-sea-2018/reports-and-materials/>


<sup>2</sup> <https://helcom.fi/baltic-sea-climate-change-fact-sheet-new-publication-shows-latest-scientific-knowledge-on-climate-change-in-the-baltic-sea/>



Áætlun sem getur leitt til að markmið BSAP verði uppfyllt í auknum mæli í norrænu löndunum myndi hafa að geyma forgangsmál á sviði loftlags- og umhverfismála og varpa ljósi á þær aðgerðir þar sem Norðurlönd gætu látið mest til sín taka. Aðgerðarþættir gætu náð til verkefna sem ætlað er að auka þekkingu, samvinnuverkefna, norrænnar fjármögnunar, samþættingar á sviði hafstjórnunar, þarfarinnar á samræmdri löggjöf og stöðu Norðurlanda gagnvart öðrum ákvörðunaraðilum. Einnig er mikilvægt að stefnuáætlun taki mið af þeim stórum möguleikum á lífsgæðum, efnahagi og velferð sem bætt hafsskilyrði hafa í för með sér.

Eystrasaltið hefur fengið aukið vægi með tilkomu nýs ástands í öryggismálum. Áætlun sem getur leitt til markmið BSAP verði uppfyllt í auknum mæli í norrænu löndunum myndi nýtast Norðurlöndum við að efla samstarf á sviði umhverfismála, samstarf sem gæti styrkt stjórnáttátt samband og leitt til langvarandi vináttu á svæðinu. Eftirfarandi skýringarmynd sýnir stöðu innleiðingar BSAP að því er varðar bæði sameiginlegar og landsbundnar aðgerðir. Taka ber fram að ekki höfðu öll löndin tilkynnt um aðgerðir sínar á þessum tímapunkti.

#### Status of actions by BSAP segment as of 31 October 2023



Höfin umhverfis norrænu löndin eru samtengd og vera að mestu fyrir áhrifum af sömu mengunarpáttum og umhverfisáskorunum. Til dæmis á umhverfið í Oslófirði mjög undir högg að sækja. Staða þorsstofnsins er í sögulegu lágmarki. Stökköndum fækkar og þaraskógar og marhálmsbreiðunum fara minnkandi. Eiturefni í umhverfinu gera það varasamt að borða fisk og skelfisk úr hlutum fjarðarins. Úrgangur í sjó og örplast er alvarlegt vandamál. Á sama auka loftlagsbreytingar enn á þessa neikvæðu þróun. Þetta eru margar af þeim umhverfisáskorunum sem bæði Eystrasaltið og Skagerrak standa einnig frammi fyrir. Til að tryggja samlegðaráhrif og samræmdar aðgerðir þurfa auknar aðgerðir að byggja á fyrirliggjandi áætlunum og samstarfi<sup>3</sup>. Norska hafrannsóknarstofnunin hefur til dæmis sett á laggirnar norrænt samstarfsverkefni sem ætlað er að finna lausnir sem geta bætt umhverfisaðstæður í Skagerrak<sup>4</sup>. Norska

<sup>3</sup> [Helhetlig tiltaksplan for en ren og rik Oslofjord med et aktivt friluftsliv \(regjeringen.no\)](#)

<sup>4</sup> [Søkelys på økosystemet i Skagerrak | Havforskningsinstituttet \(hi.no\)](#)



ríkisstjórnin hefur samþykkt heildaráætlun fyrir Oslófjörð með það að markmiði að ástand umhverfisins verði gott, mikilvæg náttúruauðævi verði endurheimt, stuðlað verði að vikri útivist og að líffræðileg fjölbreytni í firðinum verði vernduð

### Sjónarmið nefndarinnar

Norræna sjálfbærnefndin deilir áhyggjunum af umhverfismálum í höfunum umhverfis norrænu löndin og er uggandi yfir þróuninni Eystrasalti, sem á mjög undir högg að sækja m.a. vegna ofveiða, aukinnar umferðar og hávaða og aukinnar umhverfismengunar af ýmsu tagi, þar á meðal næringarefna, lífrænna efna og þungamála. Allir þessir þættir hafa mikil áhrif á umhverfi og fiskistofna svæðisins.

Nefndin veitir því athygli að Svíþjóð, Finnland, Litháen, Danmörk, Lettland, Eistland, Pólland, Þýskaland, Rússland og framkvæmdastjórn ESB samþykktu fyrstu BSAP-aðgerðaáætlunina (The Baltic Sea Action Plan) á HELCOM árið 2009. Aðgerðaáætlunin með framtíðarsýnina „Heilbriggt umhverfi í Eystrasalti sem er í jafnvægi og góðu vistfræðilegu ástandi og sem styður við fjölbreytta sjálfbæra efnahagslega og félagslega starfsemi“ var endurskoðuð árið 2021.

Áætlunin skiptist í fjóra hluta sem eru sniðnir að sértækum markmiðum:

- 1) **Líffræðileg fjölbreytni** með markmið um að vistkerfi Eystrasaltsins skuli vera heilbrigð og traust
- 2) **Ofauðgun** með markmið um að áhrifa ofauðgunar skuli ekki gæta í Eystrasalti
- 3) **Hættuleg efni og úrgangur** með markmið um að áhrifa efna og úrgangs skuli ekki gæta í Eystrasalti
- 4) **Starfsemi á sjó** með markmið um að starfsemi á sjó skuli vera umhverfislega sjálfbær

Hver þessara fjögurra hluta er byggður upp í kringum umhverfis- og stjórnunarmarkmið HELCOM og felur í sér tilteknar ráðstafanir og aðgerðir, sem ljúka skal í síðasta lagi 2030. Vinnan er studd með ýmsum aðgerðaáætlunum á borð við aðgerðaáætlun um úrgang í höfum og neðansjávarhávaða, áætlun um endurvinnslu næringarefna, áætlun um hafskipulag o.fl.

Nefndin veitir því athygli að sum úrræðanna hafa ekki verið innleidd nægilega lengi til að sýna árangur. Þar má nefna minnkaða losun næringarefna, þar sem áratugir munu líða þar til fullra áhrifa slíkrar aðgerðar verður vart í umhverfinu.

Nefndin telur aðgerðaáætlun HELCOM fyrir Eystrasaltssvæðið vera góðan grundvöll fyrir samstarf um að bæta umhverfisaðstæður í Eystrasalti en lýsir yfir miklum áhyggjum af því að þrátt fyrir bæði aðgerðaáætlunina og þetta samstarf, sem hófst árið 2009, eru fá merki um bættar umhverfisaðstæður og engin af markmiðum aðgerðaáætlunarinnar (The Baltic Sea Action plan) hafa náðst. Nefndin leggur því áherslu á mikilvægi þess að vinna frekar að aðgerðum sem bæta umhverfisaðstæður og



að núverandi aðgerðir verði framkvæmdar og framlengdar og leggur því til að norrænu löndin á grundvelli Baltic Sea Action Plan (BSAP), vinni áætlun sem getur leitt til þess að markmið BSAP verði uppfyllt í auknum mæli í norrænu löndunum.

Nefndin vísar til þingmannaráðstefnu Eystrasaltssvæðisins (BSPC) og starfshóps hennar um loftlagsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni, sem hefur það yfirmarkmið að vinna að pólitískum aðgerðum og ráðleggingum varðandi loftlagsbreytingar og líffræðilega fjölbreytni í Eystrasalti. Auk þess hefur hópurinn unnið að því að vekja athygli stjórnámálanna á loftlagsbreytingum og líffræðilegri fjölbreytni og að stuðla að þróun þekkingar og bestu venja innan málefna sviðs hópsins.

Nefndin vekur sérstaklega athygli á ályktun frá 32. fundi BSPC (27.–29. ágúst) sem hvetur löndin umhverfis Eystrasaltið til að efla samstarf sitt og aðgerðir undir yfirskriftunum „Regarding strengthening the resilience of maritime ecosystems“, „Regarding strengthening the resilience of climate and biodiversity“ og „Considering the special attention the BSPC devoted to the issue of dumped ammunition in the Baltic Sea“. Þá er enn fremur vísað til greinar 35 þar sem stendur: *„ensure a quick and strict implementation of the updated Baltic Sea Action Plan and its associated action documents within the agreed timelines to achieve a good ecological status of the Baltic Sea by the end of the decade and consider as far as possible implementing further measures from the policy-relevant suggestions for various policy areas in the HELCOM Climate Change in the Baltic Sea Fact Sheet to reach this goal“.*

Nefndin styður grein 35 í ályktun BSPC og leggur áherslu á að efla aðgerðir við innleiðingu Baltic Sea Action Plan. Norrænu löndin geta vel eflt samstarf sitt um aðgerðir í Eystrasalti svo að markmiðum sé náð.

Þá er það álit nefndarinnar að samstarfið geti verið víkkað út til Oslófjarðar og Skagerak þar sem þessi farvötn standa frammi fyrir mörgum af sömu umhverfislegu áskorunum.

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

*Tove Elise Madland (A)*

*Johan Andersson (S)*

*Malin Larsson (S)*

*Åsa Karlsson (S)*

*Ola Elvestuen (V)*

*Anna Falkenberg (sb)*

*Emma Berginger (MP)*

*Krista Mikkonen (gröna)*

*Heikki Autto (saml)*

*Teitur Björn Einarsson (Sj.)*

*Mariane Paviasen (IA)*

*Lotta Johnsson Fornarve (L)*

*Anna-Lena Hedberg (SD)*

*Staffan Eklöf (SD)*